

Erindi: Skoðun á kosti þess að skipuleggja ferðþjónustuklasa í Skammadal.

Sæl, ég ræddi við Arnar Jónsson í morgun um kosti þess að skipuleggja ferðþjónustuklasa í Skammadal. Hann ráðlagði mér að senda erindi til bæjarstjórnar. Hér kemur það.

Fyrst til að kynna mig þá rek ég lítið lúxus hótél í Flóahreppi. Áður en það verkefni hófst vann ég sem ráðgjafi hjá KPMG, framkvæmdastjóri hjá EFTA og framkvæmastjóri HNLFI. Nú starfa ég innan ferðþjónustunnar og hef gert í 4 ár. Hótelið gengur mæta vel en ég sé mörg ónýtt tækifæri innan ferðþjónustunnar. Þar á meðal byggingu baðhótela að erlendri fyrirmynd. Þá er ég að tala um alvöru health resorts. Mér sýnist ekkert hótél ná því að geta kallað sig healt resort hér á landi, jafnvel ekki nýja hótelið í Bláa Lóninu. Ég hef þrisvar komið að sem ráðgjafi byggingu health resorts. Fyrsta skoðun var með Eyþóri Eyjólfssyni (2008) sem var að skoða byggingu baðhótels í Skammadal í Mosfellsbæ. Það verkefni varð ekki að veruleika vegna hins margþekkta fjármálahruns 2008. Næst aðstoðaði ég Icelandairhotels (2010). Það komst ekki á legg vegna þess að þeir voru í of mörgum verkefnum á þeim tíma. Síðasta verkefnið var á eigin vegum en þá var það í Ölfusdal fyrir innan Hveragerði. Það varð að engu vegna óvissu um eignarhalda ríkisins á borholum í dalnum. Þá hætti ég þessari skoðun og byggði eigið hótél sem er með heitum náttúruböðum en telst ekki healt resort.

Fyrir nokkrum vikum bauðst mér að fá þekktan hönnuð frá Frakklandi til að hanna stækkun á hóteli okkar. Í viðræðum við hann stakk hann uppá að við byggðum alveg nýtt hótél. Ég hef ekki kost á að stækka mikið á okkar landi og því fór ég að skoða í kringum mig. Mundi þá eftir Skammadals verkefninu og datt í hug að nefna við ykkur hvort það væri enn opið til skoðunar.

Mín hugmynd er að víkka út verkefni Eþórs frá sínum tíma. Ekki byggja aðeins hótél á svæðinu heldur að skipuleggja svæðið sem klasa fyrir ferðþjónustuaðila. Bæði heilsuhótél og venjuleg hótél, veitingastaði (matarhöll), ferðþjónustuaðila, útilífsverslanir, o.s.frv. Með því næðust mikil samlegðaráhrif og Mosfellsbær kæmist á kortið sem ferðþjónustubær.

Þá koma spurningar um stöðu þessa svæðis:

Þarf ekki að breyta aðalskipulagi. Er það samkvæmt humyndafraði bæjarins að byggja upp ferðþjónustu og þá heilsupjónustu sérstaklega. Hefði bærinn heimild til að úthluta til ákveðinna aðila þessu svæði til bygginga, eða yrði hann að setja svæðið í útboð.

Ég tel þetta nóg að sinni og vonast eftir svari frá ykkur við tækifæri.

Bestu kveðjur,

Ólafur Sigurðsson

Email olafur@360hotel.is

Sími 783 2900

